



## Fundargerð. Stjórnarfundur nr. 81.

Stjórnarfundur Norðurár bs., haldinn í Stekkjarvík þriðjudaginn 20. september kl 10:30. Á fundinum voru stjórnarmennirnir Magnús B. Jónsson, Einar E. Einarsson og Jón Sigurðsson en Ólöf Jósepsdóttir boðaði forföll. Einnig sat fundin Fannar Viggósson.

### Dagskrá

1. Ýmis verkefni.
2. Önnur mál.

#### 1. Ýmis verkefni


Fyrir fundinum liggur listi í 8 liðum unnin af Fannari um ýmislegt sem þarf að laga og bæta í urðunarhólfinu og á svæðinu. Megin niðurstöður voru eftirfarandi.


- a) Ákveðið að láta hanna stækkun á hreinsivirki í samræmi við þær hugmyndir sem Efla lagði fram á sínum tíma. Ákveðið að fá Eflu til að klára útfærslu á þessum hugmyndum og að farið verði í verkið á næsta ári.
- b) Ákveðið að kanna hvort Verkfræðistofan Stoð ehf geti gert minnisblað og teikningu af vegi niður að gorrifju og styrkingu á vesturhlið hennar. Ekki er talið að hægt sé að vinna þetta með núverandi tækjakosti Norðurár og því ákveðið að semja við Ístak um verkið og að það verði þá framkvæmt meðan þeir eru á svæðinu.
- c) Varðandi frágang á mön að norðan þá þarf að taka það upp á verkfundi með Ístak og klára að útfæra þeirra frágang. Mikilvægt er síðan að sáð verði í mönina eins snemma næsta vor og kostur er. Skoða þarf hvaða verktakar bjóða upp á slíka þjónustu og framkvæmd.
- d) Laga þarf skemmdan brunn sem er að falla saman vegna sorppunga. Ákveðið að ræða við Eflu um það sem gera þarf en þeir hönnuðu brunnins sem er að gefa sig. Ákveðið að fresta framkvæmd til næsta árs en vinna að áætlun með Eflu.


#### 2. Önnur mál

Enginn.

Fundi slitið kl. 12:00

  
Magnús B. Jónsson

  
Einar E. Einarsson

  
Jón Sigurðsson